

Kristilegt félag heilbrigðisstétta

Leyndardómur bænarinnar

Bænin opnar margar leiðir og við bæn skapast mikill kærleikur til þeirra sem beðið er fyrir.

Í starfi mínu á Landspítalanum naut ég þeirrar blessunar að eiga mjög gott samstarfsfólk. Ég bað alltaf fyrir samstarfsfólki mínu og var þess aðnjótandi að finna einstakan kærleika frá þessu starfsfólki og samstarfi mínu við það.

Guð gefur okkur fyrirheit og lausnir við dagleg viðfangsefni. Í starfi mínu á Landspítalanum fann ég að með bæn varð allt samstarf við hinar ýmsu stéttir ánægjulegra og árangursríkara.

Vigdís Magnúsdóttir

*Áður en þeir kalla, mun ég svara, og áður en þeir hafa orðinu sleppt, mun ég bænheyra.
Jes. 65, 24.*



Kristilegt félag heilbrigðisstétta
Áb. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir



*Nokkur orð um starf félagsins
Vigdís Magnúsdóttir tók saman í febrúar 2005*

Upphaf félagsins

Kristilegt félag heilbrigðisstétta (KFH) var stofnað 16. janúar 1978. Fyrir daga þess félags var annað félag til, Kristilegt félag hjúkrunarkvenna sem var stofnað árið 1952.

Hugsjón

Hugsjón KFH er byggð á kristniboðsskipan Jesú Krists í Matt. 28. 18-20. Hugsjón félagsins er einnig að sameina kristið starfsfólk í heilbrigðisstéttum, hvetja það og kenna því að ná til sjúklinga sinna og samstarfsfólks með kristinn boðskap og fagnaðarerindið um Jesú Krist og mæta þannig trúarlegum og andlegum þörfum þeirra.

Bænastundir

Bænin hefur verið stór þáttur í félagsstarfinu eins og í öllu kristilegu starfi og þess vegna var lögð mikil áhersla á að byrja með bænastundir á sjúkrahúsum. Eitt af mörgum bænaefnum félagsins var að biðja fyrir því að fá presta til starfa á heilbrigðisstofnunum. Samstarf félagsins við presta og djákna sem starfa á heilbrigðisstofnum hefur verið einkar ánægjulegt og blessunarríkt.

Útgáfa

Á stjórnarfundi í ágúst 1983 var ákveðið að gefa út kristilegt tímarit og félagsbréf sem próf. Sigríður Halldórsdóttir sem þá var í stjórn bauðst til að taka að sér. Fyrsta tímaritið kom út á haustdögum 1983 og var helgað bæninni og gefið út í 700 eintökum og annað kom út ári seinna í 7000 eintökum og dreift á allar heilbrigðisstofnanir á landinu. Áður gaf félagið út bænabækling til að leggja í náttborð sjúklinga á heilbrigðisstofnunum. Fyrsta félagsbréfið kom út í febrúar 1984 í umsjón Sigríðar og síðar tók Hanna Þórarinsdóttir hjúkrunarfræðingur og ritari félagsins til margra ára að sér félagsbréfið.

Alþjóðlegt samstarf

Tengsl okkar við alþjóðasamtökin og samtökin á Norðurlöndunum hafa verið mikil og góð allt frá byrjun. Margar erlendar heimsóknir höfum við fengið og félagar KFH á Íslandi hafa sótt ráðstefnur og biblúnámskeið víða um heim og á síðasta ári sótti Margrét Hróbjartsdóttir hjúkrunarfræðingur og stjórnarmeðlimur ráðstefnu í Suður-Afríku.

Fundir

Í gegnum árin hefur starfið verið þannig; félagsfundir einu sinni í mánuði og bænastundir einu sinni í viku. Einnig hefur félagið haldið námskeið og helgarmót þar sem fagleg og kristileg efni hafa verið til umfjöllunar. Mörg mikilvæg efni hafa verið tekin fyrir á fundum okkar, fróðleg og uppbyggileg og margt tónlistar- og söngfólk hefur glatt fundargesti með list sinni. Hugleiðing út frá Guðs orði hefur að sjálfsgöðu verið á hverjum fundi. Öllum sem lagt hafa KFH lið á hvaða sviði sem er kunnum við bestu þakkir og biðjum Guð að blessa þau og launa fyrir framlög þeirra.

Formenn og stjórn

Fyrsti formaður félagsins var Sigríður Magnúsdóttir hjúkrunarfræðingur í eitt ár, síðan tók Guðrún Dóra Guðmannsdóttir við í hálf tveim árum og eftir það gegndi Margrét Hróbjartsdóttir hjúkrunarfræðingur og kristniboði starfinu þar til hún fór aftur til starfa í Afríku árið 1990. Vigdís Magnúsdóttir hjúkrunarfræðingur tók þá við formannsstarfinu til ársins 2003 og síðan var Laura Sch Thorsteinsson hjúkrunarfræðingur formaður félagsins í eitt ár. Nú er Sr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, sjúkrahúsprestur formaður. Í stjórn félagsins hafa verið hjúkrunarfræðingar, læknar, prestar og annað heilbrigðisstarfsfólk. Við höfum fengið að upplifa mikla blessun og leiðsögn frá Guði og líka gleði og ánægjulega samveru.

Starfsmenn

Sigríður Halldórsdóttir var fyrsti starfsmaður félagsins í hálfu starfi frá febrúar 1984 í hálf tveim árum þar til hún flutti til Þingeyrar og þá bauð Sigurlaug Þorkelsdóttir upplýsingastjóri á Landspítala sig til starfa í hálf tveim árum. Sr. Magnús B. Björnsson var síðan starfsmaður félagsins í fullu starfi í 10 ár, frá 1987 með mikilli aðstoð konu sinnar, Guðrúnar Dóru Guðmannsdóttur hjúkrunarfræðings.

*Þitt orð er lampi fóta minna og ljós á vegi mínum.
Sálm. 119, v. 105*